

Leiðbeiningar með orðabókum

1. Mælt er með að prenta út pakkann í heild sinni af netinu í *landscape*, öðrum megin á síðu, skera í sundur í tvær A5 síður og setja í plastvasa, eina síðu í hvern vasa. Þetta er gert til að hægt sé að endurnýta bækurnar þegar börn hafa ekki lengur þörf fyrir þær.
2. Leikskólinn geymir pakkana, setur inn síður í möppurnar í samvinnu við foreldra. Oft er byrjað með 10 – 15 orð og síðan bætt í möppuna jafnt og þétt.
3. Í hvern plastvasa er settur – ekki límdu – miði með orðinu á tungumáli barnsins, skrifuðu rétt á viðkomandi máli og einnig eftir framburði, ef fólk vill.
4. Tengiliður fjölskyldunnar og foreldrar hittast reglubundið og bæta inn orðum í möppuna. Foreldrar sjá um að leggja til orðin á sínu máli og tengiliðurinn skráir hvernig orðið hljómar í eyrum Íslendinga.
5. Tengiliðurinn merkir við á meðfylgjandi lista hvaða orð barnið fær í möppuna hverju sinni.
6. Gert er ráð fyrir að foreldrar setji myndir af sér, systkinum, ömmu, afa og heimili á viðeigandi blöð í möppunni. Þeim blöðum er að sjálfsögðu ekki skilað til leikskólans þegar möppunni er skilað!
7. Mappan fer á milli heimilis og skóla og barnið hefur alltaf aðgang að henni, getur skoðað hana, sýnt félögum sínum í leikskólanum og fjölskyldumeðlimum og vinum heima.
8. Gert er ráð fyrir að orðabækurnar séu margnota og að þeim sé skilað til leikskólans þegar barnið er komið vel áleiðis í málþróun. Reynslan verður að skera úr um hversu lengi hvert barn þarf að nota sína möppu. Tengiliður fjölskyldunnar í leikskólanum sér um að mappan skili sér til baka.
9. Ef erfitt er að sjá tákinn á blöðunum má reyna að fara á vefinn tmt.is. Leikskólar geta keypt verkefnabókina Upp með hendur á vef Menntamálastofnunar, mms.is og svo má nýta sér vefsíðuna sigwiki.is